

REGLUGERÐ

um endurgreiðslur úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 49/1967 til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar skólaárið 1968/69.

1. gr.

Ríkissjóður annast greiðslu kennslukostnaðar samkvæmt því sem segir í lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, og eftir því sem nánar er ákveðið í þessari reglugerð.

Sveitarfélög sjá um útborgun slíks kostnaðar, annars en fastra launa skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar, svo og launa stjórnskipaðra prófdómenda, er greiðast beint úr ríkissjóði.

Sveitarfélögin eiga rétt á endurgreiðslu kennslukostnaðar samkvæmt þessari reglugerð.

2. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum mánaðarlega á starfstíma skólans laun vegna stunda- og forfallakennslu og allar aukagreiðslur til skólastjóra og kennara, sem leiðir af samningum ríkisins við stéttarsamtök þeirra eða af kjaradómi og förmælum ráðuneytisins um framkvæmd á dómsorðum kjaradóms. Greiðslur þessar eru vegna kennslu samkvæmt námsskrá, vörzlustarfa kennara, auk þeirra starfa sem talin eru í 6. gr. þessarar reglugerðar.

3. gr.

Endurgreiðslur samkvæmt þessari reglugerð eru fyrir:

- a) Aukastundir fastra kennara: Eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu. Vinna á laugardögum í matartíma, skal tilgreind sérstaklega, ef greidd er.
- b) Kennslu stundakennara.
- c) Vinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna.
- d) Vörzlu í kaffihléum.
- e) Vörzlu í heimavist.
- f) Álag fyrir skyldukennslu utan takmarka dagvinnutíma.
- g) Eyður í stundaskrá.
- h) Forfallakennslu.

4. gr.

Endurgreiðsla er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Samanlagðar greiðslur ríkissjóðs vegna launa fastra kennara og vegna greiðslna samkv. 3. gr. hækki ekki frá því sem greiðslur ríkissjóðs og sveitarfélaga voru skólaárið 1967/68 vegna sömu atvika, nema um sé að ræða eftirfarandi:

- a) Breytingar á námsfyrirkomulagi eða starfstíma skóla, sem menntamálaráðuneytið hefur skriflega samþykkt.

- b) Fjölgun nemenda og/eða lengingu skólagöngu á barna- og gagnfræðastigi að svo miklu leyti sem ekki er unnt að mæta kostnaðaraukningu vegna þessa með bættu skipulagi.
- c) Kostnaðarhækkun vegna úrskurðar kjaradóms eða ákvæða kjarasamninga um breytt laun eða starfsskilyrði.
- d) Launahækkun vegna dýrtíðaruppbótar.
- e) Hækkun milli skólaáranna 1967/68 og 1968/69 á greiðslu vegna hjálparkennslu, félagsstarfa og aðstoðar kennara við skólastjórn innan marka 6. gr. þessarar reglugerðar.

2. Samanlagðar skyldukennslustundir fastra kennara og þær stundir sem taldar eru í 3. gr. og jafngildi annarra launagreiðslna en kennaralauna, sem færa má til reiknaðra stunda, fari ekki fram úr hámarksákvæðum 19. gr. laga nr. 49/1967, nema frávik skv. 3. mgr. 19. gr. sömu laga hafi verið úrskurðuð af ráðuneytinu. Eyður í stundaskrá og umsjón skulu færðar til reiknaðra stunda, en forfallakennsla ekki.

5. gr.

Greiðslukröfu sveitarfélaga fylgi eftirfarandi upplýsingar, staðfestar af skólastjóra:

- 1. Fjöldi nemenda samdægurs í skóla.
- 2. Samanlagður kennarastundafjöldi á viku (einn fjórði mánaðar) við skólann skipt á:
 - a) Skyldukennslu fastra kennara.
 - b) Aukastundir fastra kennara.
 - c) Stundir stundakennara.
 - d) Enn fremur fylgi yfirlit, er sýni skiptingu samanlagðs kennarastundafjölða, annars vegar vegna kennslu samkvæmt námsskrá og hins vegar vegna annarra starfa kennara, sundurliðað eftir tegund starfa.
- 3. Yfirlit, er sýni greiðslur til hvers kennara sundurliðað samkvæmt 2. tl. þessarar greinar og samsvarandi tímafjölda eða einingar, sem greitt er fyrir.
- 4. Samsvarandi upplýsingar varðandi sömu skólamánuði skólaárið 1967/68.
- 5. Sérstakt yfirlit yfir forfallakennslu ásamt afritum af læknisvottorðum samkvæmt reglugerð nr. 122/1967, um breytingu á reglugerð nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

Ráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir þær upplýsingar, sem krafizt er samkvæmt þessari grein.

Við greiðslukröfur vegna september- og októbermánaða 1968 má þó víkja frá þessum ákvæðum eftir samkomulagi aðila, enda fylgi þessar upplýsingar fyrir september og október greiðslukröfu fyrir nóvembermánuð.

6. gr.

Hjálparkennslu vegna nemenda í almennum, fullskipuðum deildum í skólum skyldunámsins greiðir ríkissjóður sem svarar allt að einni kennslustund á skólaári á hvern nemanda, þar sem hennar er talin þörf að dómi skólastjóra.

Störf kennara að félagsmálum í skólum gagnfræðastigs greiðir ríkissjóður sem svarar allt að hálfri kennslustund á skólaári á hvern nemanda. Skólaárið 1968/69 greiðir ríkissjóður þó Reykjavíkurborg fyrir starf kennara að félagsmálum í skólum gagnfræðastigs í samræmi við bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 30. ágúst 1966.

Aðstoð kennara við skólastjórn greiðir rikissjóður sem hér segir:

Í skólum með				Stundir á kennsluviku
1200	nemendur og fleiri			36
1100	— — —			32
1000	— — —			28
900	— — —			24
800	— — —			20
700	— — —			16
600	— — —			12
500	— — —			8
400	— — —			6
300	— — —			4

7. gr.

Endurgreiðsla rikissjóðs á launum, er sveitarfélög hafa greitt kennurum í samræmi við upptalningu í 3. gr., felur ekki í sér viðurkenningu ráðuneytisins á því að rétt hafi verið greitt samkvæmt reglum 2. gr. eða almennt samkvæmt ákvæðum laga nr. 49/1967.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, gildir fyrir skólaárið 1968/69.

Menntamálaráðuneytið, 26. nóvember 1968.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

13. nóvember 1968.

Nr. 286.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu innflutningsgjalds samkv. 4. gr. laga nr. 68/1968,
um innflutningsgjald o. fl.

1. gr.

Innflytjendur vöru, sem innflutningsgjald sky. 1. gr. laga nr. 68/1968 hefur verið greitt af og flutt hefur verið inn með erlendum greiðslufresti með leyfi réttra stjórnvalda eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins að því marki sem eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Að kaupverð vara, sem um ræðir hafi verið greitt í íslenskum banka hinn 12. nóv. 1968 eða síðar. Eigi 1. málsliður þessa töluliðs einungis við hluta sendingar, endurgreiðist innflutningsgjaldið hlutfallslega að því leyti sem varan greiddist með nýju gengi.
2. Að innflytjandi leggi fram:
 - 2.1 Frumrit aðflutningsskýrslu (bleikt einstak) með kvittun tollstjóra um greiðslu innflutningsgjaldsins.
 - 2.2 Innkaupsreikning með áritun gjaldeyrisbanka.
 - 2.3 Afreikning banka á andvirði gjaldeyris (ásamt vixli).